



Mýrdalshreppur



Reglur um leikskólabjónustu í Mýrdalshreppi

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsóknir og innritun á leikskólann Mánaland í Mýrdalshreppi og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólanum Mánalandi. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu og starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 og aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Starfsemi leikskólans er á forsendum barnsins. Á leikskólanum Mánalandi er tekið við barni frá því að það nær eins árs aldri og fram að því að barn hefur útskrifast úr leikskólanum í enda júní þess árs sem barn á að hefja grunnskólagöngu enda rúmist kostnaður Mýrdalshrepps vegna vistunarinnar innan fjárhagsáætlunar leikskólans.

2. gr. Umsókn og innritun

Sækja þarf um leikskóladvöl fyrir barn á heimasíðu leikskólans:

<https://manaland.leikskolinn.is/Upplýsingar/Leikskolaumsokn> fyrir 1.maí ár hvert. Úthlutun plássa fyrir komandi skólaár skal lokið fyrir miðjan júní og leikskólastjóri í samráði við foreldra og deildarstjóra ákveða hvenær aðlögun hefst eftir sumarfrí.

Hægt er að sækja um leikskólavist þegar barn hefur fengið kennitölu. Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl við eins árs aldur. Börn eru skráð á biðlista og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári. Þegar sótt hefur verið um leikskólavist fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verð móttækin.

Mýrdalshreppur greiðir sérstakar heimagreiðslur til forráðamanna barna sem hafa náð aldri til úthlutunar þar til barn fær boð um leikskólavist skv. reglum um heimagreiðslur í Mýrdalshreppi sem er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó 5. gr. um forgang. Leikskólastjóri staðfestir formlega innritun með tölvupósti.

3.gr. Skilyrði fyrir vistun

Skilyrði fyrir inngöngu í leikskóla er að barn og a.m.k. annað foreldri séu með lögheimili (skv. þjóðskrá) í sveitarfélaginu og föst búseta sé í Mýrdalshreppi og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum vegna leikskólagjalda.



Mýrdalshreppur



Foreldrar sem hyggjast flytja til Mýrdalshrepps geta sótt um leikskólavist fyrir barn sitt.

Barnið fer ekki á biðlista eftir leikskólaplássi nema foreldri hafi sent tilkynningu á

leikskolastjori@manaland.is um að flutningur til Mýrdalshrepps sé fyrirhugaður.

Undantekning frá kröfu um lögheimili í Mýrdalshrepps má veita en þá skal liggja fyrir samþykki lögheimils sveitarfélags um að greiðslu til Mýrdalshrepps fyrir hlut sveitarfélagsins í leikskólagjöldum.

Íbúar með lögheimili í Mýrdalshreppi hafi þó alltaf forgang fram yfir aðra.

4.gr. Úthlutun leikskólavist, dvalarsamningur

Leikskólaganga hefst á tímabilinu ágúst til október. Þegar barn hefur fengið inngöngu í leikskóla fá foreldrar sent bréf í tölvupósti með upplýsingum um hvenær leikskólagangan hefst og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólavistun innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst. Þiggi þeir ekki leikskólavistun strax, gefst þeim kostur á að halda henni í allt að fjórar vikur svo fremi að dvalargjald sé greitt, eða að barn fari aftur á biðlista.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Undantekning vegna úthlutunar leikskólavistar frá skilgreindum tímareglum við leikskólagöngu er veitt ef leikskólapláss verður skyndilega laust. Hægt er að gera samkomulag milli foreldra og leikskólastjóra vegna leikskólagöngu.

5.gr. Forgangshópar

Leikskólastjóri er heimilit að veita sérstakan forgang að leikskólavist til barna ef sérstakar aðstæður mæla með því. Forgang má veita til:

I. Börn starfsmanna sveitarfélagsins sem sveitarstjórn/sveitarstjóri metur að ráðning sé háð leikskólavistun og varði hagsmuni samfélagsins. Er þar sérstaklega átt við börn leik- og grunnskólakennara.



Mýrdalshreppur



- a. Starfsmanna sveitarfélags sem sveitarstjórn/stjóri metur að ráðning sé háð leikskólavistun og varði hagsmuni samfélagsins. Er þar sérstaklega átt við börn leik- og grunnskólakennara og/eða starfsmanna og getur viðkomandi sótt um forgang að leikskólum fyrir barn sitt gegn staðfestingu um að viðkomandi hafi nú þegar hafið störf eða er með gildan samning um að viðkomandi mun hefja starf. Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá sveitarfélag áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

II. Fatlaðra barna með skilgreind þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska og börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskólavist vegna félagslegra, andlegra eða líkamlegra frávika.

- a. Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni, viðurkenndum greiningaraðila eða opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- b. Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- c. Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).

III. Börn einstæðra foreldra.

- a. Staðfesting (vottorð) að foreldri sé einstætt frá Tryggingastofnun ríkisins.

IV. Barna sem eru orðin 5 ára.

Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavistun. Forgangur er eins og önnur vistun háð því að laust pláss sé fyrir hendi. Umsókn um forgang þarf að koma frá foreldrum/forráðamanni annars fer barn ekki sjálfkrafa í forgang.

6. gr. Uppsögn eða breytingar á leikskólavist

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn vera skrifleg og skal berast til leikskólastjóra eigi síðar en 20. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi 1. næsta mánaðar.

Óski foreldri eftir breytingu á vistunartíma barns sækja þeir um það til leikskólastjóra. Sækja þarf skriflega um ef breyta á vistunartíma barns. Það skal gert fyrir 20. hvers mánaðar. Alla



Mýrdalshreppur



jafna munu breytingar taka gildi 1. næsta mánaðar á eftir, en leikskólastjóri metur hvort og hvenær hægt sé að verða við óskinni. Leikskólastjóri tekur tillit til aðstæðna á deildinni s.s. barnahópsins, fjölda dvalarstunda, barngilda og starfsmanna sem fyrir eru á deildinni. Nám barna og vellíðan eru alltaf forgangsatriði.

Eyðublöð vegna uppsagnar og breytinga á vistunartíma má finna á heimasíðu leikskólans.

7. gr. Vistgjöld

Mýrdalshreppur greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólanum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni vistgjöld.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu vistgjalda.

Vistgjöld eru innheimt eftir á samkvæmt gjaldskrá. Greitt er í gegnum heimabanka og er eindagi 15. næsta mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga bætast dráttarvextir við upphæðina frá gjalddaga. Skuldi foreldrar 3 mánuði fellur leikskólavist niður. Að öðru leyti fylgir innheimta leikskólagjalda verklagsreglum Mýrdalshrepps.

Gjaldskráin er samþykkt af sveitarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Gjaldskrá er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélags.

8. gr. Afsláttur

Gjaldskrá leikskóla er tvískipt, annarsvegar almennt gjald og hins vegar lægra gjald. Umsókn vegna afsláttar skal berast til skrifstofu.

Þeir sem greiða lægra gjald eru:

I. Einstæðir foreldrar

- a. Foreldri sem greiðir vistgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá/Tryggingastofnun ríkisins.
- b. Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst skrifstofu sveitarfélags svo fremi að upplýsingar um breytta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá/staðfestingu frá Tryggingarstofu ríkisins.



Mýrdalshreppur



II. Námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu lánshæfu námi

- a. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst nema foreldrar séu í fullu sumarnámi.
- b. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði frá skóla um að um fullt nám sé að ræða til staðfestingar á skólavist sinni.
- c. Skila skal skólavottorði fyrir fram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.
- d. Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá Menntasjóði Námsmanna.
- e. Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað.

III. Öryrkjar með metna örorku 75% eða meira eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað

- a. Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins á tímabili endurhæfingar.
- b. Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorku skírteinis eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins berst.

IV. Starfsmenn leikskólans fá afslátt af leikskólagjöldum í hlutfalli við starfsprósentu samkvæmt ráðningarsamningi.

- a. Afslátturinn nær til vistgjalds fyrsta barns.
- b. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi leikskólans.
- c. Ef starfsmaður kemur úr launalausum leyfi eða aftur til starfa ber starfsmanni að sækja um afslátt að nýju.
- d. Hafi starfsmaður fengið afslátt af leikskólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur sveitarfélagið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leikskólagjalda afturvirkkt.
- e. Afsláttur er veittur til starfsmanns í hlutfalli við þá prósentu sem starfsmaður er í samkvæmt ráðningarsamningi.
- f. Afsláttur er veittur til foreldra sem eiga fleiri en eitt barn á leikskólanum (systkinaafsláttur)



Mýrdalshreppur



g. Afsláttur er veittur í samræmi við gildandi gjaldskrá.

Breyting á gjaldi vegna sambúðar eða sambúðarslita, upphafs eða lokum náms eða örorku kemur til framkvæmdar 1. næsta mánaðar eftir breytinguna. Foreldrum er skylt að tilkynna leikskólastjóra breytingar á högum sínum sem geta leitt til breytinga á gjöldum.

Afslættir eru ákveðnir í gjaldskrá og er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

Umsókn um afslátt skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

9. gr. Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Mánaland er opinn frá 7:45 – 16:15, mánudag til föstudags. Lágmarksvistun er 3 dagar í viku og skulu þeir dagar vera samfelldir. Að lágmarki er hægt að óska eftir 4 klst. dvöl og að hámarki 8,5 klst. en aldrei fleiri dvalarstundir en 36 klukkustundir á viku. Foreldrar hafa valkost um sveigjanlegan vistunartíma milli dagana innan viku þó ekki breytilegan milli vikna. Foreldrar tilkynna leikskólastjóra um vistunartíma við upphaf á haust- og vorönn. Mikilvægt er að umsaminn vistunartími sé virtur.

Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir dvölinu.

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í þrjár vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið haf ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan tveggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa leikskólastjóra um að barnið hafi hafið leikskóladvöl að nýju.

Fari leikskólabarn í frí á vistunartíma, t.d. vegna ferðalaga, greiðast leikskólagjöld engu að síður enda ljóst að barnið verður í vistun að leyfistíma liðnum. Hægt er að sækja skriflega um niðurfellingu á fæðisgjaldi vegna fjarveru barns með 14 daga fyrirvara. Fjarvera barns er að lágmarki 10 virkir dagar. Vistunarpláss helst fram yfir sumarleyfi nema forráðamaður segi því upp.

Eyðublöð vegna niðurfellingar á fæðisgjaldi er að finna á heimasíðu leikskólans.

Skipulagsdagar starfsfólks eru fimm á ári, nema fyrir liggi gildar ástæður um aukningu skipulagsdaga og þá eru þær ástæður háðar samþykki fjölskyldu-, frístunda- og menningarráðs og sveitarstjórnar. Undirbúningsdagar starfsmanna eru fjórir á ári, þrír við upphaf árs áður en



Mýrdalshreppur



Leikskólinn opnar eftir sumarlokun og einn við upphaf vorannar um áramót. Ekki er greitt vistunargjald vegna lokunardaga leikskóla fyrir starfs- og undirbúningsdaga.

Kjarasamningsbundinn réttindi starfsfólks til vinnustyttingar er tekin út með lokun skólans á 12 dögum yfir árið vegna t.d. jólafrí, og dymbilviku. Ekki er greitt vistunargjald vegna lokunardaga leikskóla fyrir vinnustyttingu starfsfólks.

Foreldrum verða boðnir valfrjálsir skráningardagar tvisvar á árinu vegna daga sem eru skilgreindir sérstaklega fyrir foreldraviðtöl. Þá daga velja foreldrar hvort þeir skrá nemendur í skólann. Sérstök greiðsla er innheimt fyrir skráningardagana. Þeir foreldrar sem ekki nýta skráningardaga greiða ekki skólagjöld þá daga. Skráningu lýkur 20 dögum fyrir skráningardag. Vistunargjöld fyrir skráningadagana greiðist með mánaðargjaldi.

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur ár hvert yfir sumartímann. Ekki eru greitt vistunargjald fyrir þann tíma sem lokað er vegna sumarleyfa. Leikskólastjóri ákveður sumarlokun, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð. Gert er ráð fyrir að hvert barn fái a.m.k. 4 vikna sumarleyfi sbr. Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólinn er lokaður alla þjóðhátíðardaga svokallaða „rauða daga“ eins og allir opinberir þjónustuaðilar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Ef leikskólastjóri eða sveitarfélag metur nauðsynlegt að skerða leikskólaþjónustu mun næsti reikningur vegna leikskólavistar endurspegla afslátt fyrir þann tíma sem þjónusta var skorin niður, þ.m.t. fæðisgjald tengt matartíma á meðan skerðing var.

10. gr. Erlendar fjölskyldur

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Mýrdalshreppi við nám eða störf, geta sótt um tímabundna leikskólavist.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu, lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólavist hjá Mýrdalshreppi. Skilyrði er að foreldrar og barn sé með fasta búsetu á Mýrdalshreppi, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og gera megi ráð fyrir að þegar lögheimili er fengið verði það í Mýrdalshreppi. Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Mýrdalshreppi með eftirfarandi gögnum:



Mýrdalshreppur



1. Ríkisborgarar EES eða EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelji á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Mýrdalshreppi.
2. Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga 80/2016 þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Mýrdalshreppi.

11. gr. Sérstuðningur

Í samræmi við 22. gr laga um leikskóla 90/2008 eiga börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi fer fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og í samráði við foreldra. Leikskólastjóri sér einnig um að samræma innan leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna, í samráði við félags og skólalþjónustu vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir.

Drög lögð fram af leikskólastjóra 10.04.2025

Samþykkt á FFMR fundi 10.04.2025 og í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann 16.04.2025.